

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um að hætta notkun stimpilklukku í grunnskólum Reykjavíkur MSS22090028

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stimpilklukkan í vinnustund verði lögð niður í grunnskólum Reykjavíkur í samráði við Kennarafélag Reykjavíkur. Þannig væri kennurum sýnt traust og komið til móts við sjálfstæð vinnubrögð og sveigjanlegan vinnutíma kennara. Stimplun í vinnustund er hvorki bundin í lög né í kjarasamningi kennara. Reykjavíkurborg kom þessu kerfi á í andrúmslofti tortryggni. Tíðarandinn þá var að allir ættu að vera á vinnustaðnum því annars væri fólk að svíkjast um. Í dag er þessi hugsun gamaldags og alls ekki í anda nútíma starfshátta samanber átak ýmissa stofnana um störf án staðsetningar. Grunnskólakennarar taka að sér ákveðið verkefni í upphafi hvers skólaárs þ.e. að kenna ákveðnum hópi nemenda. Hlutverk kennarans er að handleiða þennan hóp þannig að árangur nemenda verði sem mestur. Það má líta á verklagið eins og verktöku sérfræðings. Háskóla- framhaldsskólakennarar og aðrir sérfræðingar þurfa ekki að nota stimpilklukku og því mætti spyrja hvort grunnskólakennurum sé ekki jafn vel treystandi og öðrum sérfræðistöttum? Kennarar eyða löngum stundum í að færa inn stimplun í vinnustund. Fjöldi manns jafnvel kennarar eru í vinnu í skólum borgarinnar í einhvers konar bókunareftirliti með kerfinu. Væri ekki tíma kennara og þessara eftirlitsaðila betur varið í annað þarfara innan skólakerfisins?

Greinargerð:

Flokkur fólksins vill með þessu að grunnskólakennarar Reykjavíkur fái til baka það traust og þá virðingu sem þeir nutu um áráraðir.

Líkt og okkur borgarfulltrúum er falið ákveðið verkefni þ.e. að þjóna Reykvíkingum þá er kennurum falið að kenna ákveðnum fjölda barna í ákveðinn fjölda kennslustunda á viku og jafnframt mæta fundi sem eru fjölmargir. Við borgarfulltrúar stimplum okkur ekki inn og út úr vinnunni heldur erum vakandi og sofandi yfir þessu verkefni sem við tókum að okkur. Kennarar eru stöðugt að hugsa um ábyrgð sína og þurfa enga stimpilklukku til að sinna starfi sínu af alúð.

Mælikvarðinn á árangur kennarans er árangur og hamingja nemendanna en ekki stimpilklukkan. Hún segir ekkert til um árangur og farsæld nemendanna. Kennarar eru ósáttir og auk þess er þetta alls ekki í anda þess að hafa sveigjanlegan vinnutíma. Þetta fyrirkomulag á vinnu grunnskólakennara er hrein vantraustsyfirlýsing á hollustu þeirra við nemendur sína. Grunnskólakennarar sjá ekki tilganginn með þessari stimplun og þetta veldur þirringi og streitu og minnkar starfsánægju.

Það ætti að treysta grunnskólakennurum til að sinna undirbúningi fyrir kennslu þegar það hentar hverjum og einum kennara. Grunnskólakennarar er stór hópur og það hentar mörgum að klára alla vinnu í skólanum en mjög margir eru þreyttir eftir erilsama kennslu með stóran hóp nemenda og finnst betra að fara heim og undirbúa kennsluna heima. Það er auk þess ekki góð vinnuaðstaða í öllum skólum. Þetta stimpilkluhueftirlit er líka úr takti við nútímann og það sáum við svo glögggt á COVID tímum. Kennarar sýndu það svo sannarlega hvað þeir eru sveigjanlegir og tóku að sér margs konar verkefni við tölvuskjáinn. Það er mikilvægt og krefjandi starf að vera kennari og að binda vinnu á undirbúningi kennslu við ákveðna staðsetningu og tímaramma er ekki í takt við nútíma vinnuhætti. Það gagnast alls ekki nemendum né kennurum og er því tímabært að leiðrétta þessa hringavitleysu.